

Serbía á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfyllir ákveðin grunnskilyrði, þ.e. að almennt séu ofsóknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hættu á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skaða ber lög, reglur og lagalega starfshætti landsins og að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum auk þess að til staðar séu úrræði ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt lögum um útlendinga nr. 96/2002 er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til flýtimeðferðar, sbr. 50. gr. d laganna, en sérstakt mat á því hvort umsókn eigi undir slíka málsmeðferð sem og mat á málsatvikum í hverju máli fyrir sig fer ávallt fram.

Á árunum 2007-2014 sóttu 8 einstaklingar frá Serbíu um vernd á Íslandi. Frá árinu 2014 hafa 13 einstaklingar frá Serbíu sótt um vernd á Íslandi og því ljóst að aukning hefur orðið í umsóknum serbneskra ríkisborgara um alþjóðlega vernd hér á landi. Engum umsækjanda frá Serbíu hefur verið veitt vernd á Íslandi en rúmlega 30% umsækjenda hafa annað hvort dregið umsóknir sínar til baka eða látið sig hverfa á meðan mál þeirra er til vinnslu hjá stjórnvöldum.

Ríkið Serbía er sett á lista stofnunarinnar yfir örugg ríki á grundvelli eftirfarandi:

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda í Serbíu kveða á um að Serbía sé lýðræðisríki og að þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki. Grundvallarmannréttindi eru almennt virt í Serbíu.
 - a. Líf og frelsi borgara landsins er almennt ekki talið í hættu vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum þjóðfélagshópum eða vegna stjórnámálaskoðana auk þess sem stjórnarskrá Serbíu sem og önnur landslög banna hvers konar mismunun borgara á grundvelli fyrrgreindra ástæðna og kveða á um vernd þeirra í lögum. Mismunun þekkist þó á einstaka sviðum í Serbíu en yfirvöld þar í landi hafa á undanförunum árum tekið stranga afstöðu gegn mismunun og barist fyrir upprætingu hennar með mismiklum árangri þó. Landaupplýsingar um Serbíu bera það þó ekki með sér að mismunun ríkisborgara Serbíu sé slík að jafnað verði til ofsókna eða illa meðferð.
 - b. Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarétti er almennt virt auk þess sem stjórnarskrá Serbíu kveður á um friðhelgi lífs og að enginn skuli sæta pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
 - c. Serbía er aðili að Genfarsáttmálanum frá árinu 2001 en með aðild að þeim sáttmála hefur ríkið skuldbundið sig til þess að senda ekki fólk þangað sem það kann að vera í hættu. Auk þess er kveðið á um það í stjórnarskrá Serbíu að ekki megi endursenda einstaklinga til þess ríkis þar sem þeir eigi á hættu að sæta ofsóknum á grundvelli kynþáttar, kyns, trúar, þjóðernisuppruna, ríkisborgararéttar, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða stjórnámálaskoðana

sinna eða þangað sem þeir eigi á hættu alvarleg brot á mannréttindum sínum sem séu annars varinn af stjórnarskrá Serbíu.¹

2. Í Serbíu er fullnægjandi lögregluvernd til staðar og hafa yfirvöld skilvirka stjórn yfir lögreglunni og öryggisveitum landsins. Sjálfstæði dómstóla er almennt virt og gæta þeir, auk saksóknara og lögreglu, réttinda serbneskra borgara með ágætum, sem felur í sér rannsókn, ákæru og refsingu fyrir glæpi sem framdir eru í landinu. Eftirfylgni við hverslags brot gegn refsilöggjöf er til staðar. Frumskilyrði er að umsækjandi um alþjóðlega vernd hafi aðgang að slíku verndarkerfi í heimalandi sínu og er það raunin í Serbíu, en allir íbúar hafa almennt aðgang að kerfinu.²
3. Serbía er aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum um verndun mannréttinda, þ. á m. alþjóðasamning um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi³ og samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.⁴ Þá fullgilti Serbía mannréttinasáttmála Evrópu árið 2004.⁵
4. Serbía sótti um aðild að Evrópusambandinu í desember 2009 og fékk veitta stöðu umsóknaraðila í júní 2013 en til þess að sú staða sé veitt þarf ríki að uppfylla ríkar kröfur til mannréttinda. Þá hafa ríkisborgarar Serbíu notið ferðafrelsis innan Evrópu frá 1. janúar 2008.⁶

Mörg önnur Evrópuríki hafa sett Serbíu á lista yfir örugg ríki, t.d. Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Lúxemborg, Tékkland og Þýskaland. Noregur er ekki með lista yfir örugg ríki en þar er notast við lista yfir ríki þar sem flýtimeðferð er beitt (48 tímar) og er Serbía á þeim lista.⁷

¹ Council of Europe. Commissioner for Human Rights: *Report by Nils Muižnieks following his visit til Serbia from 16 to 20 March 2015*. 8. júlí 2015. Aðgengilegt á <https://wcd.coe.int/com.instranet.InstraServlet?command=com.instranet.CmdBlobGet&InstranetImage=2798638&SecMode=1&DocId=2302808&Usage=2>

U.S. Department of State. Bureau of Democracy, Human Rights and Labor: *Country Reports on Human Rights Practices for 2015. Serbia*. Aðgengilegt á <http://www.state.gov/documents/organization/253109.pdf>. Sjá einnig stjórnarskrá Serbíu http://www.wipo.int/wipolex/en/text.jsp?file_id=191258.

² U.S. Department of State. Bureau of Democracy, Human Rights and Labor: *Country Reports on Human Rights Practices for 2015. Serbia*. Aðgengilegt á <http://www.state.gov/documents/organization/253109.pdf>. Sjá einnig stjórnarskrá Serbíu http://www.wipo.int/wipolex/en/text.jsp?file_id=191258.

³ United Nations: *Treaty Collection*. Aðgengilegt á https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg_no=IV-4&chapter=4&lang=en

⁴ United Nations: *Treaty Collection*. Aðgengilegt á https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=IV-9&chapter=4&lang=en

⁵ European Court of Human Rights: *Press Country Profile. Serbia*. Uppfært í janúar 2016. Aðgengilegt á http://www.echr.coe.int/Documents/CP_Serbia_ENG.pdf


⁶ EUR-Lex: *European Partnership with Serbia, including Kosovo*. Aðgengilegt á <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=URISERV:r18015&from=EN>. Sjá einnig European Union. External Action: *EU Relations with Serbia*. Aðgengilegt á http://eeas.europa.eu/serbia/index_en.htm

European Commission. Migration and Home Affairs: *Agreement between the European Community and the Republic of Serbia on the facilitation of the issuance of visas*. Aðgengilegt á [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:22007A1219\(09\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:22007A1219(09)&from=EN)

⁷ European Commission: *An EU „Safe Countries of Origin“ list*. Aðgengilegt á

Áréttað er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram einstaklingsbundið mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Hvert mál er skoðað sérstaklega á eigin forsendum með tilliti til fyrirliggjandi gagna og landaupplýsinga á hverjum tíma og það eitt að umsækjandi um vernd sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hliðsjónar.

Útlendingastofnun, 18. júlí 2016.



Kristín Völundardóttir, forstjóri

http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2_eu_safe_countries_of_origin_en.pdf

Utlendingsdirektoratet: *Applying for protection (asylum) in Norway*. Aðgengilegt á

<https://www.udi.no/en/want-to-apply/protection-asylum/protection-asylum-in-norway/?c=srb>